



21.11. 2018

**Djúpavogshreppur
Bakka 1
765 Djúpivogur**

Umsögn HAUST um lýsingu á Deiliskipulagi fyrir tjaldsvæði við Eyjólfstaði, ferðapjónustu í Djúpavogshreppi.

Með erindi frá sveitarstjóra Djúpavogshrepps, var óskað umsagnar HAUST um deiliskipulagi fyrir ca. 2 hektara tjaldsvæði við gamla bæinn á Eyjólfstöðum á Fossárdal. Greinargerð vegna deiliskipulags frá AKS Teiknistofu fylgdi með erindinu.

Óskað var umsagnar HAUST um eftirfarandi tillögu að deiliskipulagi:

Í aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er meðal markmiða að efla og þróa atvinnutækifæri í ferðapjónustu í Djúpavogshreppi m.a. með því að leggja áherslu á uppbyggingu góðra tjald- og hjólhýsasvæða og annarra gisti- og dvalarúrræða...“

Við gamla bæinn á Eyjólfstöðum, þar sem gistirými er leigt út til ferðamanna er líka tjaldsvæði, sem hefur verið starfrækt um árabíl. Með deiliskipulagi er stefnt að stækkun tjaldsvæðis um allt að helming og er það í samræmi við aðalskipulag fyrir dreifbýli. Í aðalskipulaginu er skipulögð landnotkun jarðarinnar er skráð landbúnaður, verslun og þjónusta, frístundabyggð og skógrækt. Umrætt svæði fellur undir skilgreiningu um þjónustu og frístundabyggð og að einhverju leyti skógrækt.

Umsögn HAUST:

Af hálfu HAUST eru ekki gerðar efnislegar athugasemdir við framlögð gögn en vakin er athygli á eftirfarandi:

- 1. Núverandi starfsemi á hinu skipulagða svæði (sala á gistingu) er starfsleyfis skyld skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.** Þegar hefur Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST) veitt starfsleyfi fyrir þeirri starfsemi sem nú fer fram á Eyjólfstöðum.
- 2. Tryggja þarf aðgang að neysluvatni í samræmi við ákvæði reglugerðar 536/2001.**
- 3. Um fráveitu frá svæðinu gildir reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp** auk fráveitusamþykktar viðkomandi sveitarfélags.

Við reglubundið eftirlit heilbrigðisfulltrúa sl. sumar kom í ljós að búið er að bæta við góðri aðstöðu fyrir gesti tjaldsvæðisins. Bætt hefur verið við bæði salernum og sturtum fyrir gesti og er komin upp góð aðstaða fyrir gesti á tjaldsvæði.

Taka þarf mið af áætluðum fjölda gesta þegar metið verður hvort nauðsyn sé að frekari hreinlætisaðstöðu.

Núverandi tjaldsvæði er vel búið og sérstaklega snyrtilegt og á það sama við alla aðkomu að svæðinu. Það á líka við alla aðstöðu í gamla bænum.

Ekki eru gerðar athugasemdir við lýsingu AKS á verkefninu en lögð áhersla á að verkið veðri unnið í samræmi við ábendingar um vatnsveitu og fráveitu.

Virðingarfyllt,
f.h.Heilbrigðisnefndar Austurlands

Hákon Hansson

Hákon Hansson
heilbrigðisfulltrúi

Svar sent í tölvupósti til:
Djúpavogshreppur